

Mál á dagskrá

1. **Uppgjör afmælisfundar 24. janúar 2015**

Tekjur af afmælisfundi eftir að útgjöld höfðu verið greidd voru um 6 þús. kr.

2. **Undirbúningur undir landsráðstefnu samtakanna 21. eða 28. mars 2015**

Landsráðstefna verður haldin 21. (eða 28.) mars kl. 13-15 í Hljómskálanum og allir GSA-félagar geta setið hana með málfrelsi og tillögurétt en hver GSA-deild (deildarfulltrúi) fer þar með eitt atkvæði. Einungis eitt mál verður á dagskrá, tillaga landsþjónustu um breytingu á samþykktum samtakanna um að deildarfulltrúar skipi landsþjónustu/svæðisnefnd skv. leiðbeinandi tilmælum heimsráðstefnunnar.

3. **SOS-nefnd og aðrar nefndir**

Hópur býður sig fram til að skipuleggja starf SOS-nefndar en enn vantar fólk í útgáfunefnd og vefnefnd.

4. **GSA-deild á Húsavík hættir með fundi**

GSA-deildin á Húsavík hefur verið lögð niður en aðrir 12 spora fundir fyrir matarfíkla eru þó í boði á svæðinu.

5. **GSA-deildir úti á landi**

Rætt um að GSA-deildir úti á landi og skype-deildir væru í fremur litlu sambandi við samtökin í heild.

6. **Heimsráðstefnu frestað**

Heimsráðstefnu samtakanna hefur verið frestað til hausts 2016.